


Ársskýrsla | 2010



Einkaleyfastofan
Icelandic Patent Office

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	3
Rekstrarsvið	4
Einkaleyfasvið	5
Vörumerkja- og hönnunarsvið	8
Vörumerki	8
Hönnun	10
Faggildingarsvið	11
Ýmsir málaflokkar	12
Fræðslu- og kynningarmál	12
Samstarf	14
<i>Samstarf um að vinna gegn brotum á hugverkaréttindum</i>	14
<i>Upplýsingasetur um einkaleyfi</i>	14
<i>FUVE</i>	14
<i>FEIS</i>	14
<i>EPO – Evrópska einkaleyfastofan</i>	15
<i>EFTA</i>	15
<i>Evrópusambandið</i>	16
<i>Norrænt samstarf</i>	16
<i>Nordic Patent Institute</i>	16
<i>WIPO – Alþjóðahugverkastofnunin</i>	17
Starfsmannamál	18
Árangursmat	21
Ársáætlun	21
Ársreikningur	21
<i>Samanburður og skýringar á helstu frávikum</i>	21

Ávarp forstjóra



Borghildur Erlingsdóttir,
forstjóri ELS

Á árinu 2010 settu erfiðleikar í efnahagslífi áfram mark sitt á starfsemi Einkaleyfastofunnar. Auknar kröfur um niðurskurð í ríkisrekstri kölluðu á mikið aðhald í rekstri og frestun á ýmsum aðkallandi verkefnum, svo sem smíði á nýrri vörumerkja- og hönnunarskrá og áframhaldandi vinnu vegna innleiðingar á gæðakerfi stofnunarinnar.

Það má þó merkja jákvæða þróun í nýsköpun og hönnun hér á landi að því er varðar aukningu umsókna íslenskra aðila á sviði einkaleyfa og hönnunar á árinu. Þá hefur umsóknum um skráningar vörumerkja í eigu íslenskra aðila einnig fjölgað sem er merki um aukna atvinnustarfsemi hér á landi þar sem vörumerkjum er ætlað að vera auðkenni fyrir vöru og þjónustu í atvinnustarfsemi. Heildarfjöldi umsókna hefur þó enn ekki náð þeim fjölda sem hann var fyrir efnahagshrun.

Alþjóðlegum vörumerkjaumsóknum fækkaði áfram á árinu sem er ekki í samræmi við þær áætlanir sem voru gerðar.

Helstu nýjungar á árinu voru þær að nú er hægt að sækja um landsbundnar einkaleyfisumsóknir og PCT umsóknir rafrænt í gegnum heimasíðu Einkaleyfastofunnar. Margir umsækjendur nýttu sér þennan möguleika. Áfram var unnið að innleiðingu rafrænnar skjalavistunnar en það er verkefni sem tekur ívið lengri tíma en áætlað var vegna tæknilegra þátta er varða móttöku gagna hjá Þjóðskjalasafni og varða því ekki eingöngu starfsemi Einkaleyfastofunnar. Gengið hefur vel að skanna inn eldri skjöl á árinu og er stór hluti skjala kominn í rafræna skjalavistun.

Mikil vinna fór fram hjá lögfræðingum stofnunarinnar vegna aðildarviðræðna Íslands og ESB. Vinnan fólst í því að rýna allar gerðir á sviði hugverkaréttar og er hún grundvöllur fyrir þær samningaviðræður sem fara fram vegna hugverkaréttar.


Ýmsar tilfæringar áttu sér stað í störfum innan Einkaleyfastofunnar á árinu. Nýr forstjóri tók við af Ástu Valdimarsdóttur en hún gegnir nú starfi yfirmanns Madrid-skráningarkerfisins hjá Alþjóðahugverkastofnuninni í Genf.

Starfsemi Einkaleyfastofunnar gekk vel á árinu þrátt fyrir að vörumerkjaumsóknir væru ekki eins margar og áætlað var. Evrópsk einkaleyfi staðfest hér voru mun fleiri en gert hafði verið ráð fyrir og veitt einkaleyfi voru töluvert fleiri en á árinu á undan. Það er einnig sérstaklega ánægjulegt hve íslenskum umsækjendum fjölgaði á öllum sviðum á árinu. Lögð hefur verið rík áhersla á að kynna starfsemi Einkaleyfastofunnar og þau réttindi sem stofnunin veitir. Nú er mikilvægt að halda áfram og efla enn frekar það kynningarstarf sem farið hefur fram á síðustu árum í því skyni að auka vitund almennings á þeim mikilvægu réttindum sem nýsköpun og atvinnustarfsemi byggir á.

Borghildur Erlingsdóttir

Starfsemi sviða

Á Einkaleyfastofunni (ELS) eru starfrækt fjögur svið, einkaleyfasvið, vörumerkja- og hönnunarsvið, faggildingarsvið og rekstrarsvið. Hvert þessara sviða hefur sinn sviðsstjóra sem heyrir beint undir forstjóra auk þess sem yfirlögfræðingur stofnunarinnar heyrir beint undir forstjóra.



Skipurit Einkaleyfastofunnar 2010

Rekstrarsvið

Rekstrarsvið annast verkefni sem taka til flestra þátta starfseminnar. Allur almennur rekstur fellur undir sviðið, þar á meðal fjárreiður, bókhald og áætlanagerð. Einnig fellur undir sviðið umsjón með móttöku erinda, skjalavarsla, tölvumál, kerfisstjórn, kynningarmál og endurmenntun.

Nýtt fjárhagskerfi, tekjubókhald ríkisins (TBR), var tekið í notkun í byrjun árs. Innleiðingin var umfangsmikil og var nauðsynlegt að breyta velflestum verkferlum varðandi uppgjör og reikningagerð samhliða nýju kerfi.


Áframhaldandi innleiðing mála- og skjalavistunarkerfisins GoPro.net sem tekið var í notkun árið 2008 var eitt af stærri verkefnum sviðsins þar sem unnið var að því að endurskoða nær alla verkferla innan stofnunarinnar. Þá hefur skjalastjórnun stofnunarinnar verið í sífelldri endurskoðun samhliða innleiðingaferli GoPro en Einkaleyfastofan stefnir á að uppfylla skilyrði Þjóðskjalasafns Íslands um leyfi fyrir rafrænu skjalavörslukerfi afendingarskyldra aðila ásamt því að vinna frekar að rafrænni stjórnslu.

Unnið var að endurskipulagningu á tölvukerfi stofnunarinnar á árinu. Hluti netþjóna var færður yfir í sýndarumhverfi (virtualization) en það á að hafa í för með sér verulega einföldun í rekstri tölvukerfisins. Með þessari breytingu hefur verið unnt að sniða kerfið betur að þörfum stofnunarinnar auk þess sem einfaldara er að framfylgja markvissu og virku viðhaldi.

Í byrjun árs störfuðu fimm starfsmenn á rekstrarsviði, þar á meðal netstjóri, skjalastjóri og fjármálastjóri auk sviðsstjóra sem var í barneignarleyfi. Í árslok voru starfsmenn sviðsins átta, þar af tveir í hlutastarfi. Aukinn fjöldi starfsmanna á sviðinu má rekja til tilfærslu á verkefnum innan stofnunarinnar.

Einkaleyfasvið


Einkaleyfasvið annast meðhöndlun einkaleyfisumsókna og útgáfu einkaleyfa sem og hvers kyns upplýsingagjöf varðandi einkaleyfi. Starfsmenn voru sjö talsins í lok árs 2010, þar af einn í barneignarleyfi.



Einkaleyfisumsóknir frá árinu 2000

Landsbundnar einkaleyfisumsóknir voru 76 talsins á árinu sem er nokkur fækkun frá árinu 2009 en 57 þessara umsókna voru í eigu Íslendinga. Landsbundnar einkaleyfisumsóknir eru þær umsóknir sem lagðar eru inn beint hjá Einkaleyfastofunni, þ.e. án Evrópsku einkaleyfastofunnar (EPO). Fækkun landsbundinna umsókna stafar af því að breytingar hafa orðið á meðhöndlun umsókna við aðild Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum (EPC), en núna fara flestar umsóknir í gegnum Evrópsku einkaleyfastofuna (EPO) og koma til Einkaleyfastofunnar sem staðfest evrópsk einkaleyfi (EP einkaleyfi). Staðfest voru 572 slík einkaleyfi á árinu, þ.e. um þriðjung fleiri en á árinu á undan.

Fjöldi veittra einkaleyfa árið 2010 eftir upprunalandi




Fjöldi veittra einkaleyfa árið 2010 eftir upprunalandi

Veitt voru 139 landsbundin einkaleyfi, þ.e. á grundvelli landsbundinna umsókna og voru 7 af þeim í eigu Íslendinga. Veitt voru 60 fleiri einkaleyfi á árinu heldur en árið 2009. Einkaleyfi í gildi á landinu voru um 2000 talsins í árslok 2010.

Mikill fjöldi landsbundinna umsókna var afskrifaður á árinu, um 350 talsins. Í lok árs voru um 900 landsbundnar umsóknir enn óafgreiddar, langflestar yfirfærðar PCT-umsóknir sem bíða niðurstöðu erlendis frá. Allflestar þessara umsókna voru lagðar inn árið 2000 og í lok árs var einungis um tugur umsókna frá þessu tímabili sem ekki var búið að afgreiða.

Veitt einkaleyfi




Veitt einkaleyfi frá árinu 2000

Alþjóðlegar grunnumsóknir (PCT/IS) voru alls 26 frá íslenskum umsækjendum. Af þeim barst helmingur umsókna rafrænt. Tíu umsækjendur völdu Nordic Patent Institute sem rannsóknaraðila umsóknanna en Ísland er aðili að þeirri stofnun.

Viðvarandi verkefni sviðsins er að koma öllum aðgengilegum umsóknum á rafrænt form, en á annað hundrað slíkra umsókna ásamt meðfylgjandi bréfasamskiptum voru skannaðar inn, skilgreindar, merktar og vistaðar inni í rafrænu skjalavistunarkerfi stofnunarinnar. Styttist því í að öll meðhöndlun einkaleyfisumsókna verði rafræn innanhúss. Þá voru öll einkaleyfi útgefin á árinu skönnuð inn og send til EPO til birtingar í gagnagrunni þeirra.


Landsbundin einkaleyfi eftir tækniflokkum



Útgefin landsbundin einkaleyfi eftir tækniflokkum árið 2010

Þjónusta við umsækjendur hefur verið bætt til muna þar sem tekið var upp rafrænt umsóknarkerfi (OLF) sem er í eigu Evrópsku einkaleyfastofunnar en á vormánuðum var hægt að leggja inn alþjóðlegar grunnumsóknir (PCT/IS) með þessum hætti. Kerfið er bæði á íslensku og ensku og lagað að íslenskum aðstæðum og lagaumhverfi. Kerfið leiðbeinir umsækjanda varðandi þær upplýsingar sem nauðsynlegt er að gefa upp og umsækjandi fær strax að lokinni sendingu móttökukvittun í hendur. Þetta einfaldar vinnslu umsóknanna mjög þar sem öll frekari meðhöndlun þeirra hjá stofnuninni verður rafræn (yfirfærsla og sending forgangsréttarskjala til WIPO og sending skjala til rannsóknarstofnana). Þann 1. desember var einnig opnað fyrir móttöku landsbundinna umsókna í gegnum OLF. Ráðgert er að ljúka verkefninu sem er styrkt að hluta til af EPO á næsta ári með því að opna einnig fyrir rafræna móttöku beiðna um staðfestingu EP einkaleyfa hér á landi. Með því verður unnt að taka við 99% umsókna er varða einkaleyfi rafrænt.

Evrópsk einkaleyfi eftir tækniflokkum



Evrópsk einkaleyfi sem öðluðust gildi á Íslandi árið 2010 eftir tækniflokkum


Vörumerkja- og hönnunarsvið

Vörumerkja- og hönnunarsvið annast meðhöndlun umsókna og skráningu vörumerkja, hönnunar og byggðamerkja auk þess að veita upplýsingar um þessa málaflokka. Átta starfsmenn störfuðu á sviðinu á árinu 2010.

Vörumerki

Umsóknir um vörumerki voru samtals 3440 á árinu 2010 en fjöldi vörumerkja-umsókna var 3623 árið á undan. Alþjóðlegar umsóknir voru 2278 en landsbundnar umsóknir voru 1162. Landsbundnar umsóknir eru þær umsóknir sem lagðar eru inn beint til Einkaleyfastofunnar en alþjóðlegar umsóknir eru þær umsóknir sem berast Einkaleyfastofunni frá Alþjóðhugverkastofnuninni í gegnum Madrid skráningarkerfið. Landsbundnum umsóknum í eigu erlendra aðila fækkaði lítillega á meðan umsóknum aðila sem búsettir eru á Íslandi fjölgaði úr 486 í 634. Umsóknirnar dreifðust nokkuð jafnt yfir árið.

Vörumerkjaskráningar á árinu 2010 voru 3205. Fjöldi skráninga helst í hendur við fjölda umsókna en alþjóðlegum umsóknum fækkaði verulega á árinu 2009 og enn frekar árið 2010.




Vörumerkjaumsóknir sem borist hafa Einkaleyfastofunni frá árinu 2000

Heildarfjöldi endurnýjaðra vörumerkja var 2508 samanborið við 2292 árið 2009. Endurnýjunum alþjóðlegra skráninga fjölgaði þó nokkuð á árinu 2010. Vörumerkjaskráningar eru endurnýjaðar á 10 ára fresti og því má rekja aukninguna til þess að alþjóðlegum vörumerkjaskráningum fjölgaði eftir aðild Ísland að Madrid skráningarkerfinu árið 1997. Endurnýjunum á landsbundnum skráningum fækkaði lítillega á árinu.

Alþjóðlegum umsóknum frá íslenskum aðilum, þ.e. svokölluðum ISMP umsóknum, fjölgaði töluvert og voru 30 talsins, miðað við 20 árið 2009. Þess má þó geta að fjöldi alþjóðlegra umsókna frá íslenskum aðilum var mun meiri fyrir efnahagshrun.


Í lok árs voru um 52.200 vörumerkjaskráningar í gildi á Íslandi.

Málum vegna andmæla sem bárust Einkaleyfastofunni vegna vörumerkjaskráninga fækkaði líttilega, úr 18 árið 2009 í 16 árið 2010. Þá var 5 málum áfrýjað til áfrýjunarnefndar. Af þeim fimm málum sem áfrýjunarnefndin úrskurðaði í á árinu 2010 var einni ákvörðun Einkaleyfastofunnar hnekkkt.



Fjöldi vörumerkjaskráninga hjá Einkaleyfastofunni frá árinu 2000

Einkaleyfastofan hefur sett sér það markmið að skráningarferli umsókna um vörumerki, þar sem ekki koma til formgallar og/eða höfnun, sé ekki lengra en 10 vikur. Meðferð landsbundinna umsókna var vel innan þessara tímamarka en skráningarferli alþjóðlegra umsókna var ívið lengra eða um 16 vikur. Alþjóðlega rannsóknarferlið er nú eingöngu rafrænt en jafnframt því færðist rafræn móttaka alþjóðlegra umsóknanna frá Rekstrarsviði yfir á Vörumerkja- og hönnunarsvið.




Vörumerkjaumsóknir eftir upprunalandi árið 2010 (fleiri en 100 umsóknir pr. land)

Hönnun

Hönnunarumsóknum fjölgaði á árinu og bárust samtals 126 umsóknir. Mest fjölgun var í umsóknum íslenskra aðila.

Ísland hefur frá árinu 2004 verið aðili að alþjóðlegum samningi um skráningu hönnunar (The Geneva Act of the Hague Agreement concerning the International Registration of Industrial Designs). Fjórir aðilar hér á landi nýttu sér alþjóðlega umsóknarkerfið á árinu sem er sami fjöldi og árið áður.



Skráð hönnun hjá Einkaleyfastofunni frá árinu 2000

Faggildingarsvið

Faggilding er mat á hæfni prófunar-, skoðunar- eða vottunarstofa til að meta samræmi við tæknilegar kröfur svo sem í reglugerðum og stöðlum. Á sviðinu starfaði einn starfsmaður á árinu 2010 en að auki voru ráðnir tæknilegir matsmenn til aðstoðar við mat á tæknilegum kröfum ásamt því að unnið var í samstarfi við SWEDAC faggildingarstofuna í Svíþjóð við mat á nokkrum prófunarstofum.

Megin starfsemi faggildingarsviðs var með svipuðu móti og árið 2009. Virkar faggildingar voru 48 og fjölgaði lítillega á árinu. Prófunarstofur voru alls sjö á sviði matvæla, lögmælifræði og klínískra mælinga, ein vottunarstofa á sviði lífrænnar framleiðslu og 40 skoðunarstofur fyrir ökutæki, ökurita, skip, raforkuvirki, matvælaframleiðslu, leiksvæði, lyftur og markaðseftirlit.

Unnið var að breytingu á lögum um faggildingu vegna væntanlegrar innleiðingar á reglugerð Evrópusambandsins um faggildingu og markaðseftirlit. Frumvarp um þessar lagabreytingar var ekki lagt fram á síðasta ári þar sem ESB reglugerðin var ekki afgreidd frá sameiginlegu EES nefndinni á árinu.

Vegna niðurskurðar voru engir fundir sóttir á árinu hjá European co-operation for Accreditation (EA) sem Einkaleyfastofan er fullgildur aðili að sem Icelandic Board for Technical Accreditation (ISAC). Hins vegar tók starfsmaður faggildingarsviðs þátt í mati EA á tveimur faggildingarstofum innan EA, í Þýskalandi og Hollandi.

Nokkrir fundir voru haldnir með ráðuneytum og eftirlitsstjórnvöldum vegna eftirlits þar sem faggilding kemur við sögu. Erindi voru haldin á norrænni eftirlitsráðstefnu um matvæli og á ökuritanámsskeiði.

Ýmsir málaflokkar

Fræðslu- og kynningarmál

Fræðslu og kynningarmál voru með nokkuð hefðbundnum hætti á árinu.

Í byrjun árs komu nemendur frá Listaháskóla Íslands í heimsókn á Einkaleyfastofuna þar sem starfsmenn Einkaleyfastofunnar voru með fyrirlestra um einkaleyfi, vörumerki og hönnun. Sérstök áhersla er lögð á að kynna þessum nemendum hvað felst í umsókn og skráningu hönnunar. Einkaleyfastofan var með kynningu á námskeiðinu *Nýsköpun og stofnun fyrirtækja* sem ætlað er fyrsta árs nemum Háskólans í Reykjavík. Þetta er þriðja árið í röð sem Einkaleyfastofan tekur þátt í námskeiðinu.

Starfsmenn Einkaleyfastofunnar heimsóttu einnig ýmis fyrirtæki og stofnanir og héldu kynningar og fyrirlestra auk þess sem þeir fluttu erindi á ráðstefnum og fundum, m.a. á vegum Hönnunarmiðstöðvar, Samtaka iðnaðarins, Samtaka íslenskra líftæknifyrirtækja og hjá félagi forstöðumanna ríkisstofnanna.

Á haustmánuðum heimsóttu efnafræðinemar og lyfjafræðinemar Einkaleyfastofuna og hlýddu á fyrirlestra um einkaleyfi auk þess sem stofnunin var með aðstöðu á Nýsköpunarmessu Háskóla Íslands sem haldin var í nóvember í tengslum við hagnýtingarsamkeppni Háskóla Íslands. Félagsmenn í Stjórnvísí heimsóttu Einkaleyfastofuna og hlustuðu á fyrirlestur um fyrirkomulag og innleiðingu gæðakerfis stofnunarinnar og reynslu hennar af því.



Fyrirlesarar á alþjóðlegum degi hugverkaréttar: Talið frá vinstri: Einar Mäntylä, Stefán Stefánsson, Vilborg Einarsdóttir, Helga Valfells, Ásta Valdimarsdóttir og Einar Stefánsson. Á myndina vantar Hilmar Janusson.

Haldið var upp á alþjóðlegan dag hugverkaréttar í Þjóðmenningarhúsinu þann 23. apríl. Á milli 50 og 60 manns sóttu málstofuna og hlýddu á sex fyrirlestra tengda þema dagsins Innovation – Linking the World. Fyrirlesarar málstofunnar voru Hilmar Janusson, framkvæmdastjóri rannsóknar- og þróunarviðs Össurar, Einar Stefánsson, prófessor við HÍ og yfirlæknir hjá LSH, Helga Valfells, framkvæmdarstjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors, Einar Mäntylä, yfirmaður hugverkasviðs Orfs Líftækni og Stefán Stefánsson, deildarstjóri einkaleyfedeildar Actavis. Ásta Valdimars-

dóttir forstjóri Einkaleyfastofunnar setti málstofuna en fundarstjóri var Ásdís Magnúsdóttir frá Árnason Faktor.

Að fengnu leyfi hjá Evrópsku einkaleyfastofunni var Handbók uppfinningamannsins þýdd yfir á íslensku en því verki lauk á fyrri hluta ársins 2010 og var handbókin gefin út rafrænt og birt á vefsíðu ELS í maí. Handbókin fjallar ekki einungis um hugverkavernd heldur veitir einnig grunnleiðsögn á öllum stigum þess ferlis að þróa vöru út frá uppfinningu. Þannig er m.a. fjallað um samkeppni, markaðsmöguleika, áhættu, nytjaleyfissamninga og fjármögnun. Höfundur bókarinnar er Graham Barker.

Þá var kynningarefni um hönnunarvernd endurútgefið á árinu, bæði á prenti og á rafrænu formi.

Marja-Leena Rinkineva, frá finnska atvinnu- og efnahagsráðuneytinu hélt fyrirlestur fyrir starfsmenn Einkaleyfastofunnar og hagsmunaaðila á Grand hótél í maí. Fyrirlesturinn fjallaði um möguleika á samræmdu evrópueinkaleyfi innan Evrópusambandsins miðað við fyrirbyggjandi tillögur innan sambandsins á þeim tíma og hvaða áhrif þessar tillögur gætu haft innan ríkja í Evrópu sem eru ekki aðilar að Evrópusambandinu.

Frá málþinginu í Þjóðmenningarhúsinu



Elín R. Jónsdóttir, ELS og Viðar Helgason, Rannsóknarþjónusta HÍ

Ásdís Kristmundsdóttir, Lára Helga Sveinsdóttir og Þórunn Gunnarsdóttir, starfsmenn ELS

Samstarf

Samstarf um að vinna gegn brotum á hugverkaréttindum

Í kjölfar ráðstefnunnar *Virðum hugverkarétt* sem Einkaleyfastofan stóð fyrir í tilefni af alþjóðlegum degi hugverkaréttar árið 2008 hófst óformlegt samstarf nokkurra aðila um að vinna gegn brotum á hugverkaréttindum. Meðal þeirra sem að samstarfinu koma eru efnahags- og viðskiptaráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Tollstjórinn í Reykjavík, Lyfjastofnun, Neytendastofa, STEF, Smáis, Hönnunarmiðstöð, fulltrúar úr höfundarréttarnefnd auk Einkaleyfastofunnar.

Vefsíðan www.falsanir.is er meðal annars afrakstur þessa samstarfs en síðan hefur að geyma upplýsingar og fróðleik um hugverkaréttindi, brot gegn þeim og þau úrræði sem réttihöfum standa til boða. Á árinu var unnið að öflun gagna fyrir síðuna auk þess sem unnið var að útliti síðunnar. Síðan var gerð almenningi aðgengileg í lok árs en stefnt er að formlegri opnun hennar í ágúst 2011.

Upplýsingasetur um einkaleyfi

Einkaleyfastofan og IMPRA gerðu með sér nýjan samstarfssamning um rekstur tveggja upplýsingasetra um einkaleyfi. Annað upplýsingasetrið er staðsett á Akureyri líkt og verið hefur síðustu ár en hitt er í höfuðstöðvum IMPRU að Keldnaholti í Reykjavík. Tilgangur samningsins er að auka vitund og þekkingu almennings á hugverkaréttindum með aukinni fræðslu, upplýsingajöf og bætttri aðstöðu fyrir almenning til að kynna sér slík málefni. Sambærilegur samstarfssamningur er milli Einkaleyfastofunnar og Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands en upplýsingasetur Rannsóknþjónustunnar er staðsett í Tæknigarði.

Upplýsingasetrin eru hluti af tengslaneti upplýsingasetra (PATLIB network) sem nær um alla Evrópu. Tengslanetið er samstarf Evrópsku einkaleyfastofunnar (EPO) við einkaleyfastofur aðildarríkja evrópska einkaleyfasamningsins og upplýsingasetrin í aðildarríkjunum og veitir EPO ýmsa styrki til stuðnings samstarfinu.

FUVE

Haldinn var samráðsfundur með fulltrúum Einkaleyfstofunnar, efnahags- og viðskiptaráðuneytisins og stjórn FUVE, félags umboðsmanna, vörumerkja og einkaleyfa, í lok maí. Þar var m.a. rætt um aukin rafræn samskipti, fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar og breytingar á vinnulagi ELS varðandi frestveitingar í vörumerkjamálum.

FEIS

Haldnir voru tveir samráðsfundir með stjórn FEIS, félags einkaleyfasérfræðinga. Helstu umræðuefni voru samstarf FEIS og ELS um menntun einkaleyfasérfræðinga og breytingar á vinnulagi ELS varðandi einkaleyfi m.a. rafræna móttöku umsókna og fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar. Þá voru rædd ýmis mál sem efst eru á baugi hjá EPO og fyrirhugað samstarf ESB um einkaleyfi.

EPO – Evrópska einkaleyfastofan

Samstarf ELS við EPO fer mestmegnis fram í framkvæmdaráði, fjárlaganefnd og í tveimur ráðgefandi nefndum er varðar lagaleg efni annars vegar og tæknileg mál hins vegar. Framkvæmdaráðið fundaði fjórum sinnum á árinu. Forstjóri, sviðsstjóri einkaleyfasviðs og lögfræðingur sviðsins sóttu fundi ráðsins. Tveir fundir voru í fjárlaganefnd á árinu, lögfræðingur einkaleyfasviðs sótti þann fyrri og sviðsstjóri rekstrarsviðs þann seinni. Tveir fundir voru haldnir í laganefnd EPO á árinu, í febrúar og september. Yfirlögfræðingur sótti fyrri fundinn en lögfræðingur einkaleyfasviðs sótti seinni fundinn.

Starfsmenn einkaleyfasviðs sóttu tvo fundi í tækniráði EPO þar sem m.a. var til umræðu samstarf EPO við aðildarríkin og hvernig því er best háttað. EPO styrkir ýmis verkefni sem ætluð eru til þess að samræma einkaleyfakerfi aðildarríkjanna



Ásta Valdimarsdóttir flytur erindi á fundi á Möltu

og bæta þekkingu starfsmanna stofnananna til hagræðingar fyrir umsækjendur sem og verkefni til þess fallin að auka vitund um vernd hugverka. Þá sat sviðsstjóri einkaleyfasviðs fund vinnuhóps um EPTOS sem er hugbúnaðarlausn fyrir einkaleyfastofur sem EPO hefur þróað. Einkaleyfastofan hefur nýtt sér ýmsa kosti EPTOS, t.d. hugbúnað til þess að taka á móti rafrænum umsóknum sem og hugbúnað til innskönnunar sem nýttur er til þess að birta íslensk skjöl rafrænt á netinu í gegnum gagnabanka EPO, Espacenet.

Forstjóri og lögfræðingur einkaleyfasviðs sóttu árlegan samráðsfund EPO og aðildarríkja á Möltu í júní. Forstjóri ELS hélt erindi á fundinum um samstarf EPO við smærri aðildarríki.

Tveir fulltrúar frá EPO heimsóttu Einkaleyfastofuna í nóvember vegna undirbúningsvinnu nýrrar þriggja ára framkvæmdaáætlunar (National Action Plan) Einkaleyfastofunnar sem byggir á fjárstuðningi frá EPO. Í áætluninni er m.a. gert ráð fyrir þeirri endurmenntun sem starfsmenn ELS sækja hjá EPO. Áætluninni er ætlað að ná yfir tímabilið frá 2011-2013.

Forstjóri Einkaleyfastofunnar sem átti sæti í stjórn EPO og í stjórn Evrópsku einkaleyfaakademíunnar, lét af þeim störfum á sama tíma og nýr forstjóri var settur á Einkaleyfastofunni í október.

EFTA

Fundur í hugverkahópi EFTA í Brussel var haldinn í júní. Yfirlögfræðingur sótti fundinn þar sem m.a. var rætt um innleiðingafærlu reglugerðar nr. 1901/2006 og 1902/2006 um lyf fyrir börn í EES samninginn og veittar upplýsingar um hvernig framkvæmd reglugerðanna væri háttað innan ESB.

Þá voru kynntar tillögur að reglugerð um sameiginlegt einkaleyfakerfi ESB sem

EFTA ríkjunum verður gert kleift að gerast aðilar að. Einnig var vikið að fyrirhugaðri endurskoðun skráningarkerfis ESB á vörumerkjum og kynnt áform varðandi framfylgni hugverkaréttinda innan ríkja ESB.

Evrópusambandið

Einkaleyfastofan sótti samráðsfundi hjá OHIM (Office of Harmonization in the Internal Market) en skrifstofan er skráningarskrifstofa Evrópusambandsins fyrir vörumerki og hönnun. Sviðsstjóri vörumerkja- og hönnunarsviðs ásamt lögfræðingi á sviðinu sóttu samráðsfund um vörumerki í júní og sérfræðingur á sviðinu sótti samráðsfund um hönnun í október. Þar sem Ísland varð formlega umsóknarríki um inngöngu í ESB á árinu, greiddi OHIM ferðakostnað vegna fundanna.

Forstjóri Einkaleyfastofunnar var skipaður fulltrúi Einkaleyfastofunnar í samningahóp um EES I í komandi samningaviðræðum Íslands og Evrópusambandsins um aðild Íslands að sambandinu. Mikil vinna fór fram hjá lögfræðingum Einkaleyfastofunnar á fyrri hluta árs við að skoða gerðir Evrópusambandsins á sviði hugverkaréttar á sviði iðnaðar, bera saman við löggjöf Íslands og gera grein fyrir því hvernig þær gerðir sem falla undir samninginn um Evrópska efnahags-svæðið hafa verið innleiddar hér á landi. Vinnan var grunnur að skýrslu sem unnin var um þann kafla aðildarviðræðnanna sem fjalla um hugverkarétt. Forstjóri stofnunarinnar fór á fund hjá fulltrúum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í desembermánuði og gerði nánari grein fyrir fyrirfram gefnum spurningum og svaraði fyrirspurnum varðandi hugverkarétt á sviði iðnaðar.

Norrænt samstarf

Forstjórar einkaleyfastofa á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum funduðu tvisvar á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn í Riga og seinni fundurinn fór fram í Genf í tengslum við allsherjarþing Alþjóðahugverkastofnunarinnar í september. Engir norrænir samráðsfundnir voru haldnir á sviði vörumerkja, hönnunar og einkaleyfa á árinu 2010.

Forstjóri Einkaleyfastofunnar hélt erindi á ráðstefnu Nordisk Immateriellt Ráttsskydd (NIR) í Osló í ágúst um tillögur Evrópusambandsins að nýju samræmdu einkaleyfakerfi.

Nordic Patent Institute

Nordic Patent Institute er samstarfsverkefni Danmerkur, Noregs og Íslands. Stofnunin, sem er viðurkennd alþjóðleg rannsóknarstofnun (ISA), byggir starfsemi sína á þeim mannauði sem þegar er til staðar hjá einkaleyfastofum aðildarríkjanna. Lone Hartung Nielsen tók við starfi forstjóra í febrúar af Niels Ravn. Á sama tíma tók Grétar Ingi Grétarsson við starfi aðstoðarforstjóra. Nýja stjórnunarteymið heimsótti Ísland í maí og kynnti m.a. starfsemi stofnunarinnar fyrir starfsmönnum Einkaleyfastofunnar. Aðstoðarforstjóri kom einnig til Íslands og hélt fyrirlestur á haustþingi Rannís.

Meginviðfangsefni Nordic Patent Institute er þróun og markaðssetning margvíslegrar þjónustu fyrir viðskiptavinum, auk þess að vera rannsóknarstofnun fyrir alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir (PCT). Stofnunin tók á árinu við markaðsþjónustu (business service) sem áður var í höndum dönsku einkaleyfastofunnar. PCT umsóknir sem sendar voru í rannsókn hjá NPI fjölgaði um 37% á milli ára 2009 og 2010.

Reglulegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu en þeir fara að jafnaði fram í gegnum fjarfundarbúnað. Forstjóri sótti þrjá stjórnarfundir á árinu, tvo í Danmörku og einn í Noregi. Þá sótti lögfræðingur einkaleyfasviðs fund í markaðshópi í maí.

WIPO - Alþjóðahugverkastofnunin

Allsherjarþing WIPO var haldið í september og sóttu forstjóri og sviðsstjóri vörumerkja- og hönnunarviðs þingið fyrir hönd Einkaleyfastofunnar.



Stevie Wonder, sendiboði Sameinuðu þjóðanna opnaði allsherjarþing WIPO í september 2010

Stevie Wonder, hinn heimsþekkti söngvari og sendiboði Sameinuðu þjóðanna, opnaði allsherjarþing Alþjóðahugverkastofnunarinnar, WIPO, þann 20. september 2010. Þar kallaði hann eftir því að alþjóðasamfélagið tæki höndum saman til að bæta aðgengi fyrir alla þá sem þjást af hvers konar líkamlegri fötlun og skoraði á fundarmenn að ljúka á næstu misserum samningi um bætt aðgengi sjóndapurra að höfundarréttarvörðum verkum.

Tillögur til breytinga á reglum er varða meðferð alþjóðlegra vörumerkjaumsókna samkvæmt alþjóðasamningum voru samþykktar. Samkomulag var gert um samstarf WIPO og OHIM um samræmdan gagnagrunn vöru- og þjónustuflokka er varða vörumerki.

Á þinginu var samþykkt breyting á ákvæðum Bókunarinnar við Madridsamninginn er varðar tilkynningu um skráningu réttinda. Breytingin felur í sér að aðildarríki Madrid skráningarkerfisins senda nú tilkynningu um skráningu réttinda (Grant of Protection) til WIPO sem áframsendir tilkynninguna til umsækjenda. Þá kom fram að verkefni um endurbættan gagnagrunn um flokkun vöru og þjónustu er á áætlun og verður tilbúið á árinu 2012. Tvö ný aðildarríki bættust við Bókunina við Madridsamninginn, Ísrael og Kazakstan.

Á þinginu kom fram að möguleiki á rafrænu ferli á endurnýjun hönnunar væri væntanlegt og að aukið fé yrði lagt í tækni- og upplýsingamál.

Starfsmannamál

Í upphafi árs 2010 störfuðu 24 starfsmenn á Einkaleyfastofunni (5 karlar og 19 konur) þar af voru tveir starfsmenn í fæðingarorlofi. Í lok ársins voru starfsmenn 25, þar af einn í fæðingarorlofi. Sviðsstjóri rekstrarsviðs og starfsmaður á einkaleyfasviði komu úr barneignarleyfi í ágúst og lögfræðingur einkaleyfasviðs fór í barneignarleyfi í september.



Forstjóraskipti á Einkaleyfastofunni.
Ásta Valdimarsdóttir, fráfarandi forstjóri
og Borghildur Erlingsdóttir forstjóri

Vegna aukinna verkefna og tilfærslu á verkefnum innan stofnunarinnar voru tveir nýir starfsmenn ráðnir til starfa á rekstrarsvið á árinu, annar í febrúar og hinn í nóvember. Þá var lögfræðingur ráðinn tímabundið til starfa á einkaleyfasviði í stað lögfræðings sem fór í barneignarleyfi.

Starfsmaður á einkaleyfasviði lét af störfum í maí og Ásta Valdimarsdóttir forstjóri fór í tveggja ára leyfi frá 1. október til að starfa hjá Alþjóðahugverkastofnuninni þar sem hún er yfirmaður Madrid skráningakerfisins. Borghildur Erlingsdóttir sem gegnt hefur starfi yfirlögfræðings var settur forstjóri til tveggja ára, frá 1. október.

Einn sumarstarfsmaður var ráðinn í gegnum átaksverkefni Vinnuálastofnunar fyrir námsmenn og atvinnuleitendur.



Hattadagur á Öskudaginn. Frá vinstri: Gunnar, Ólöf, Baldvin, Hanna, Ingibjörg, Sigurlinni, Auður, Elías, Ásdís K., Lára, Margrét, Camilla, Elín, Helgi, Linda, Þórunn og Sígga. Sitjandi: Borghildur og Ásdís P.

Þrátt fyrir aðhald í rekstri var lögð áhersla á að starfsmenn ættu kost á endurmenntun til að auka við og viðhalda þekkingu sinni.

Tveir starfsmenn vörumerkja- og hönnunarsviðs sátu námskeið í hugverkarétti sem kennt var við lagadeild Háskóla Íslands á vormisseri. Þá sóttu starfsmenn vörumerkja- og hönnunarsviðs námskeið í gerð stofnanasamninga, verkefna- stjórnun og breytingum á vinnustað auk þess sem lögfræðingur á sviðinu sat námskeið í lagaensku.

Í samstarfi við FEIS og Endurmenntun Háskóla Íslands var komið á námi á sviði einkaleyfaréttar með það að markmiði að gera fólki kleift að afla sér þekkingar á málaflokknum hér á landi. Náminu sem metið er til eininga hjá Háskóla Íslands var skipt upp í þrjá hluta og voru tveir þeirra kenndir á árinu 2010. Sviðsstjórar einkaleyfasviðs og vörumerkja- og hönnunarsviðs sátu fyrsta hlutann þar sem lögð var áhersla á almenna lögfræði og sviðsstjóri einkaleyfasviðs og starfsmaður rekstrarsviðs sátu annan hluta námsins þar sem sérstök áhersla var lögð á lög og reglur á sviði hugverkaréttar.

Erlendis sótti netstjóri námskeið í tölvumálum hjá EPO og starfsmaður einka- leyfasviðs sótti námskeið um einkaleyfi og meðferð umsókna hjá EPO.

Að auki sótti forstjóri stjórnendanámskeið á vegum Endurmenntunar og nokkrir starfsmenn nýttu sér einnig tölvunámskeið á vegum stéttarfélaganna sem kennd eru í gegnum netið og standa félögum til boða án endurgjalds.



Starfsmenn Einkaleyfastofunnar lærðu hvernig skuli bregðast við eldsvoða. Hanna Lilly og Camilla.

Í Fróða, gæðahandbók Einkaleyfastofunnar, eru upplýsingar um alla helstu verkferla innan stofnunarinnar. Allir starfsmenn stofnunarinnar þekkja Fróða og geta þar fundið skjöl sem þeir hafa tekið þátt í að rita og lýsa verkferlum þeirra. Þá er í handbókinni einnig lýst helstu ferlum sem snúa að stjórnun stofnunarinnar og heyra undir stjórnunarteymi. Fróði er uppbyggður í samræmi við alþjóðlegan staðal um stjórnun, ISO 9001:2008. Gæðastjóri sinnti starfinu sem hlutastarfi samhliða sviðsstjórn einkaleyfasviðs. Í lok árs var ákveðið að stofna gæðateymi þriggja aðila, gæðastjóra auk tveggja starfsmanna sem eiga að vinna við endurskoðun Fróða og innleiðingu nýrra verkferla á næsta ári.

Í sambandi við innleiðingu gæðakerfis stofnunarinnar hefur verið unnið að því að setja saman starfsmannahandbók sem er aðgengileg öllum starfsmönnum á rafrænu formi. Handbókin var kynnt sérstaklega fyrir starfsmönnum á starfsmannafundi en í henni má finna m.a. upplýsingar um réttindi og skyldur starfs-

manna, öryggisáætlun, viðbragðsáætlun við hættuástandi, jafnréttisáætlun, áætlun gegn einelti auk ýmissa almennra upplýsinga um stofnunina. Í framhaldi af innleiðingu starfsmannahandbókarinnar var fenginn slökkviliðsmaður til þess að kynna brunavarnir fyrir starfsfólki en stefna stofnunarinnar er sú að fyllsta öryggis starfsmanna sé gætt.

Árangursmat

Ársáætlun

Á fjárlögum ársins 2010 voru 186,6 m.kr. ætlaðar til reksturs stofnunarinnar. Fjármögnunin skyldi annars vegar vera innheimt af ríkistekjum, 181,6 m. kr., og hins vegar greidd úr ríkissjóði, 5 m. kr.

Í samþykktri rekstraráætlun var hins vegar gert ráð fyrir heildarrekstrarkostnaði að upphæð 203,1 m.kr. og heildartekjum að upphæð 215,5 m.kr., þar af 5 m.kr. frá ríkissjóði vegna faggildingar. Gert var ráð fyrir að nýta höfuðstól stofnunarinnar til að koma til móts við mismun rekstrargjalda og fjárheimildar.

Ársreikningur

Helstu tölur úr rekstri ELS árið 2010 má sjá í töflunni hér að neðan.

	Rauntölur 2010	Áætlun 2010
Tekjur	m.kr.	m.kr.
Rekstrartekjur	180,837,506	213,094,802
Sértekjur	2,257,854	2,405,198
Tekjur samtals:	183,095,360	215,500,000
Gjöld		
Rekstrargjöld	191,030,931	203,100,000
Gjöld samtals:	191,030,931	203,100,000
Tekjur umfram gjöld	-7,935,571	12,400,000
<i>Framlag úr ríkissjóði</i>	<i>5,000,000</i>	<i>7,500,000</i>
Hagnaður / tap ársins	-2,935,571	19,900,000

Helstu niðurstöður úr rekstri Einkaleyfastofunnar árið 2010

Samanburður og skýringar á helstu frávikum

Rekstrarkostnaður stofnunarinnar var rúmum 12 milljónum lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir eða tæplega 6% lægri. Ýmsar leiðir voru farnar til að ná fram hagræðingu en aðgerðir frá árinu 2009 komu fram strax í byrjun árs líkt og áætlað hafði verið.

Tekjur ársins 2010 reyndust hins vegar ofáætlaðar í ársáætlun. Heildartekjur stofnunarinnar námu 183 m. kr, en tekjuáætlun gerði ráð fyrir 215,5 m. kr. Stærsti einstaki tekjuliður stofnunarinnar eru alþjóðlegar vörumerkjaumsóknir og endurnýjanir. Fjöldi þeirra var hins vegar minni en gert hafði verið ráð fyrir.

Þá hafði verið gert ráð fyrir hækkun á gjaldskrá við gerð áætlana, en gjaldskrárbreytingar sem samþykktar voru í árslok 2010 tóku ekki gildi fyrr en á árinu 2011.

Þar sem innheimtar tekjur stofnunarinnar eru í formi þjónustugjalda ber einungis að verja þeim til reksturs stofnunarinnar. Þegar umsóknum hefur fjölgað mikið eykst nauðsynleg vinna og þar með útgjöld. Þar sem meðhöndlunartími umsókna er oft langur, jafnvel nokkur ár, hefur stofnunin safnað upp höfuðstól á tilteknum tímum sem nýta þarf til meðhöndlunar umsókna.

Á árinu 2010 var talsverður munur á fjárlögum og rekstraráætlun og er hér um að ræða vanda sem hefur verið til staðar í nokkur ár. Á árinu 2010 náðist þó að minnka þennan mun og þurfti einungis að nýta hluta af fenginni heimild til að ganga á uppsafnaðan höfuðstól til að mæta þessu ósamræmi.

Þegar rekstur stofnunarinnar árið 2010 er skoðaður í heild verður að telja að árangurinn hafi verið góður þrátt fyrir að tekjur hafi verið undir áætlun.